

þau undir höndum, enda sje sjer ómögulegt að skila þeim, því búið sje að farga þeim fyrir löngu; en, eins og áður er sagt, er það viðurkennt, að gagnáfrýjandinn hafi fengið skjölin að láni hjá aðaláfrýjanda, og þessvegna bar honum skylda til að gæta þeirra, og skila þeim aptur, þegar þeirra var krafizt. Það er því ekki aðaláfrýjanda að sanna, að skjölin sjeu enn til eða í vörzlum gagnáfrýjanda, heldur er það gagnáfrýjandans að sanna, að skjölin sjeu ekki lengur til, eða að honum af öðrum orsökum sje ómögulegt að skila þeim, en með því að gagnáfrýjandi ekki hefur sannað þetta, og ekki einusinni leitt nein sennileg rök að því, þá verður þessi sýknaðstæða hans heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, ber að staðfesta hjeradsrjettardóminn, og eptir þeim úrslitum málsins ber gagnáfrýjandanum að endurgjalda aðaláfrýjanda samkvæmt kröfu hans málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsrjettardómur á óraskaður að standa. Gagnáfrýjanda, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, ber að greiða aðaláfrýjanda, E. Th. Jónassen bæjarfógeta, málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 39/1880

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen  
 gegn  
 landshöfðingjaritara Jóni  
 Jónssyni

## Dómur:

Á máli þessu stendur svo, að 12. dag febrúar-mán. þ. á. í máli nokkru, er verzlunarmaður Henrik Siemsen hafði höfðað við Reykjavíkur bæjarrjett gegn gestgjafa Páli Eyjólfssyni, veitti dómarrinn, áfrýjandinn bæjarfógeti E. Th. Jónassen, hinum stefnda Jóni landritara Jónssyni, er mætt hafði fyrir hönd Páls Eyjólfssonar, viku frest til að svara í málinu, og ljeði honum í því skyni skjöl málsins, en er hinn stefndi eigi skilaði dómaraanum skjölunum í ákveðinn tíma, höfðaði hann mál gegn honum til að skila sjer þeim, og var kveðinn upp í því 24. júní af sýslumanni Kristjáni Jónsyni sem setu-dómara svo látandi dómur: að hinn stefndi skyldi skila bæjarfógeta E. Th. Jónassen skjölum málsins innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að við lagðri 3 kr. sekt fyrir hvern dag, er hann ljeti dragast framyfir tjeðan tíma að fullnægja dóminum. Svo skyldi hann og borga stefnandanum 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur nú bæjarfógeti E. Th. Jónassen stefnt fyrir yfirdóminu til staðfestingar, og landritari Jón Jónsson einnig gagnstefnt honum sjer til sýknar. Sem ástæðu fyrir sýkn sinni hefur gagnáfrýjandinn tilfært: 1. að eigi hefði átt að höfða málið gegn sjer heldur Páli Eyjólfssyni, er hann hafði mætt fyrir, 2. hefði dómaraanum eigi borið að höfða mál þetta, heldur Henrik Siemsen, því það hefði verið komið undir honum, hvort hann hefði viljað halda málinu áfram gegn Páli, eður láta það falla niður, og 3. væri sjer með öllu ómögulegt að skila málsskjölunum, því þau væru ekki hjá sjer, heldur hefði hann fengið þau Páli.

Að aðaláfrýjandinn sje rjettur sóknaradili þessa máls virðist með öllu efalaust, því honum bar skylda til sem dómara og jafnframt dómskrifara í máli því, er um rædd skjöl snertu, að annast um, að gagnáfrýj-

andi, er fjekk þau að láni sem málflutningsmaður, skilaði rjettinum þeim aptur, og hefur gagnáfrýjandi heldur ekki fært nein rök að því, að hann eptir atvikum hefði mátt skila öðrum skjölunum en rjettinum.

Eins og þegar er tekið fram fjekk gagnáfrýjandi sem málsfærslumaður Páls Eyjólfssonar opt nefnd skjöl að láni, og bar honum því að skila rjettinum þeim aptur, en ekki Páli; hann er þannig rjettur varnaraðili þessa máls, því af flutningi þess hafði hann fulla ábyrgð.

Gagnáfrýjandi hefur ekki sannað — en í því tiliti lá sönnunarskyldan á honum —, að skjölin sjeu komin úr hans vörzlum, og ekki einu sinni fært líkur til þess, og því er ekkert það fram komið, er bendi til, því síður rök færð til þess, að honum sje ómögulegt að skila þeim; verður því sú sýknaðstæða hans ekki heldur tekin til greina.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn, og eptir þeim úrslitum málsins ber gagnáfrýjandanum að endurgjalda aðaláfrýjanda samkvæmt kröfu hans málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda bæjarþingsdómi skal óraskað. Gagnáfrýjanda, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, ber að greiða aðaláfrýjanda, E. Th. Jónassen bæj-  
fógeta, málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.